



Reykholti, 6. febrúar 2015

*Skipulagsstofnun
Laugarvegi 166
105 Reykjavík*

Efni: Umsögn um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2016 að senda eftirfarandi umsögn og athugasemdir er varðar kynnta tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026.

Almennar ábendingar:

- Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar hafa aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga ekki mikið sýnilegt vægi í auglýstri landsskipulagsstefnu. Skv. lögum ber þó Skipulagsstofnun að hafa hliðsjón af þessum áætlunum við gerð landsskipulagsstefnu. Það þarf að koma skýrar fram í stefnunni að Skipulagsstofnun hafi gætt þess að taka mið af þeim.
- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bendir á að draga þarf skýrar fram hvaða þættir stefnunnar eru leiðbeinandi fyrir sveitarfélögin (hið svokallaða „leiðarljós“) og hvaða þættir eru stefnumarkandi sem áhrif geta haft við staðfestingu aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga (tilmæli sem ber að fylgja).

Miðhálandið:

- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vekur athygli á hversu lítið fer fyrir hagsmunum bænda í kynntri stefnu. Virðist það látið hjá líða að þeirra hagsmunir og skoðanir séu hafðar uppi á borði þrátt fyrir að fjallað sé um grundvallarforsendur þeirrar atvinnustarfssemi. Ekki er minnst á mikilvægi miðhálandisins sem beitarréttis, en nauðsynlegt er að það komi skýrt fram að beitarréttindin eru eign bænda og þeim mikilvæg. Á sumum svæðum það mikilvæg, að ef þeirra nyti ekki við væri allar forsendur fyrir þeirra rekstri brostnar. Þessi þáttur hefur því bein áhrif á búsetu í byggð og því ekki hægt að slíta þá hluti úr samhengi.
- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vill ítreka að taka þarf tillit til hins óbeina eignaréttar þeirra sem eiga beitarrétt á miðhálandinu. Allar framkvæmdir á landsvæði þar sem beitarréttur er fyrir hendi, hefur bein áhrif á þeirra rétt.
- Breyta þarf orðalagi þar sem túlka má að áætlanir Landgræðslu ríkisins verði bindandi fyrir sveitarfélögin. Þessi framsetning (í köflum 1.1.2 og 2.2.2) óásættanleg að mati sveitarstjórnar. Finna þarf samstarfsvettvang við bændur og beitarréttarhafa um gróðurvernd og sjálfbærni í landbúnaði og það í sjálfi sér gæti verið eitt af markmiðum sem sett væru í landsskipulagsstefnu.
- Rangfærslu er að finna í kafla 1.1.2. Ekki ásættanlegt að skipulagsákvæðanir um beit og landgræðslu byggji á héraðsáætlunum Landgræðslu ríkisins. Ný reglugerð hefur tekið gildi og þar eru landbótaáætlanir gerðar af bændum og Matvælastofnun. Landgræðslan er umsagnaraðili.



- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nauðsynlegt sé að breyta orðalagi um hverfisvernd í tengslum við beitarstýringu. Hverfisvernd hefur ein og sér lítil áhrif á ferðamáta búfjár.
- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hvetur ríkisvaldið að vanda betur til gerð áætlana og tengja betur við ráðstöfun fjármagns. Því þurfa áætlanir um samgöngur og úthlutun fjármagns að fara saman, því að öðrum kosti verða áætlanir áhrifalítlar til framtíðar lítið.
- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að umfjöllun um flutningskerfi raforku sé ekki í takt við gildandi svæðisskipulag Miðhálandisins og gildandi aðalskipulög sveitarfélaga. Þarna er verið að stíga inn á pólitískan vettvang sem á ekki að vera hlutverk landsskipulagsstefnu eða Skipulagsstofnunar. Þarna er Skipulagsstofnun að ryðja eigin pólitísku braut til stefnumörkunar en ekki að taka saman gildandi áætlanir sem leiðbeinandi verkfæri eins og lögin kveða á um.

Landnýting og skipulag í dreifbýli:

- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að Skipulagsstofnun mætti benda ríkisvaldinu á mikilvægi þess að fram verði settar markvissari ábendingar um skógrækt.
- Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur að undanfögnu verið töluvert umhugað um nauðsyn stefnumótunar er varðar skipulag vindorkunýtingar. Afar mikilvægt er að sveitarfélög og Skipulagsstofnun fari markvisst að vinna að grundvelli stefnumörkunar um skipulag vindorkunýtingar.
- Flokkun landbúnaðarlands er ekki alveg einfalt mál að vinna úr. Mörg sjónarmið eru á lofti og umræðan getur tekið miklum breytingum eftir því hver segir frá. Mikilvægt að fundinn verður ásættanlegur flötur eða nálgun fyrir þetta verkefni og aðkoma sveitarfélaga verði tryggð við þá vinnu.
- Sveitarstjórn bláskógabyggðar vekur athygli á að hvergi í tillögunni er lítið til beitarlands sem auðlind sem vernda ber og viðhalda. Þetta er þó frumforsenda þess að landbúnaður geti viðgengist og almennt sé tekið tillit til þarfa þeirrar atvinnugreinar. Úr þessu þarf að bæta.

Búsetumynstur:

- Í greinargerð er skýrt tekið fram að hér er verið að setja fram almenna stefnu til leiðbeininga fyrir sveitarfélög. Það vekur því spurningar hve oft kemur fyrir í þessum kafla orðasambandið „lögð er áhersla á“. Þetta orðalag gefur ekki tilefni til, að um almennar leiðbeiningar séu að ræða heldur fyriræli. Þetta þarf að lagfæra og færa orðalag á þann veg að það falli að gefnum markmiðum.

Virðingarfyllt


Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Bláskógabyggðar

